

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA OG
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA



Suðurgata 5 á Sauðárkróki, húsakönnun



Suðurgata 5, Árbakki. Ljósmynd í eigu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

Bryndís Zoëga
Gísli Þór Ólafsson
Guðmundur St. Sigurðarson
Sigríður Sigurðardóttir og Unnar Ingvarsson

2007/66



© Bryndís Zoëga, Gísli Þór Ólafsson, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður
Sigurðardóttir, Unnar Ingvarsson
Byggðasafn Skagfirðinga og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2007/66

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT.....	1
MYNDASKRÁ.....	1
INNGANGUR.....	2
SUÐURGATA, NAFNGIFT OG UPPRUNI.....	3
SUÐURGATA 5 - ÁRBAKKI	5
SAGA.....	6
HEIMILDASKRÁ.....	11
FYLGISKJÖL	13
VIÐAUKI 1.	22
VIÐAUKI 2.	24

Myndaskrá

1. MYND. ÁRBAKKI. HSK. SKR. 103.....	5
2. MYND. SUÐURGATA 5 ÁRIÐ 1967. VINTRA MEGIN SÉST ÁRBAKKI, HÚSIÐ SEM BÍLLINN STENDUR VIÐ. HSK. SKR. 101.	7
3. MYND. SAUÐÁRKROKUR Á 4. ÁRATUGNUM. Á MYNDinni SÉST ÁRBAKKI ÁÐUR EN BYGGT VAR VIÐ HÚSIÐ Í NORDUR. BAKVIÐ HÚSIÐ RENNUR SAUÐÁIN Í SÍNUM GAMLA FARVEGI. HSK. ÓSKRÁÐ.....	8

Inngangur

Árið 2005 fengu Byggðasafn Skagfirðinga og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga styrk frá Húsafriðunarnefnd ríkisins til að hefja húsakönnun í Skagafirði. Í eftirfarandi skýrslu eru birtar niðurstöður húsakönnunar á Suðurgötu 5, þar sem járnsmiðja Ingimundar Bjarnasonar var til húsa. Fyrst er söguleg úttekt hússins og byggingarreitsins og síðar eru ljósmyndir með uppmælingum og teikningum af húsinu. Suðurgata 5 er í eigu Iðnaðarman nafélagsins á Sauðárkróki sem hefur tilkynnt að það vilji afhenda það Byggðasafni Skagfirðinga og eru áform um að húsið verði gert upp af nemendum í Fornverkaskólanum, sem er samstarfsverkefni Byggðasafnsins, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Háskólans á Hólum.

Vettvangsvinna fór fram dagana 31. janúar-2. febrúar 2007 og var hún að mestu í höndum starfsmanna Byggðasafns Skagfirðinga, þeirra Bryndísar Zoëga landfræðings og Guðmundar St. Sigurðarsonar meistaranema í fornleifafræði en auk þess kom Gísli Þór Ólafsson bókmenntafræðingur frá Héraðsskjalasafni Skagfirðinga nokkuð að henni.

Heimildavinna var í höndum Gísla Þórs en myndvinnsla í höndum Bryndísar. Sigríður Sigurðardóttir safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga og Unnar Ingvarsson héraðsskjalavörður höfðu yfirumsjón með verkefninu.



Suðurgata, nafngift og uppruni

Suðurgata er hluti af gamla bænum á Sauðárkróki og var hún lögð í framhaldi af eldri götum bæjarins; Lindargötu, Aðalgötu og Skógargötu. Gatan var upprunalega nefnd Lestagata en var breytt í Suðurgötu að ósk íbúa hennar árið 1947 er Sauðárkrókur fékk kaupstaðarréttindi.¹ Um gerð götunnar er fjallað í *Sögu Sauðárkróks*. „Árið 1907 var hafizt handa um upphleyptan veg frá nýja barnaskólanum suður á bóginn, þar sem nú er Suðurgata. Verkið sóttist seint, þó varð því lokið á næstu árum.“²

Í lok 19. aldar var byrjað að byggja timburhús í á þessum slóðum en torfhús höfðu þá staðið þar um nokkra hríð. Elsta uppistandandi timburhúsið sem var byggt í götunni, er hús nr. 14, Ártún en það var byggt árið 1890. Árið 1898 var hús nr. 4, Vellir, byggt en það var rífið rúmlega hundrað árum seinna. Þá var hús nr.1, Læknishús, byggt árið 1901, en flutt árið 1985 í Skógargötu. Elsta húsið í götunni er hins vegar hús nr. 24, Árbær, byggt árið 1884 við Aðalgötu en flutt árið 1934 að Suðurgötu. Samnefndur torfbær stóð á

¹ Nafnabreyting á götunöfnum er getið í færslu 220, opnu 190 í Gjörðabók Byggingarnefndar 1918-1947, 4. desember 1947.

² Kristmundur Bjarnason, *Saga Sauðárkróks, síðari hluti 1, fram til ársins 1922*, Sauðárkrókur: Sauðárkrókskaupstaður, 1971, bls. 233. Barnaskólahúsið sem vísað er til er Aðalgata 2.

lóð hússins við Suðurgötu en hann var rifinn þegar nýja húsið var flutt þangað.³ Húsið er með fyrstu íbúðarhúsum sem byggð voru á Sauðárkróki.⁴ Sunnan við húsið stóð torfbær sem hét Nýibær. Hann var rifinn á 7. áratug 20. aldar.

Árið 1908 var Ljósmyndarahúsið byggt, eða Suðurgata 2 en það var fyrsta íbúðarhús úr steini sem byggt var á Sauðárkróki og var mótasteinninn sem Steinöldin lét steypa á Borgarsandi notaður til byggingarinnar.⁵ Hannes Pétursson, skáld, ólst upp í þessu húsi. Fleiri listamenn tengjast þessari götu, en myndlistamennirnir Sigurður, Hrólfur og Guðrún Sigurðarbörn ólust upp í Sýslumannshúsinu, Suðurgötu 3. Á Eiríksstöðum, Suðurgötu 11b, átti Gísli Ólafsson skáld heima. Í dag búa listamennirnir Sigurlaugur Elíasson og Guðbrandur Aegir Ásbjörnsson í þessari götu.

Eftir 1920 varð meiri uppbygging í götunni og eru flest húsin í henni byggð á 3. og 4. áratugnum. Nokkur hús hafa horfið úr götunni; Vellir, Læknishús og Grund, en það síðastnefnda brann árið 2005. Nýtt hús hefur verið reist á lóðinni. Um tíma var Sýsluhesthúsið syðst í götunni, byggt árið 1922 en rífið 1988 og er nokkuð stórt autt svæði þar núna sem er notað undir bílastæði. Mörg hús í götunni hafa verið gerð upp og endurklædd að utan.

³ Sjá í *Sögu Sauðárkróks*, bls. 194 og einnig í Gjörðabók Byggingarnefndar 1918-1947, færslu 91, opnu 190, 9. júní 1934, en þar er fjallað um flutninginn á húsinu og sagt að lóðin hafi heitið Ábæjarlóð. Húsið fékk svo nafnið Árbær.

⁴ Kristmundur Bjarnason, *Saga Sauðárkróks, fyrri hluti, fram til ársins 1907*, Sauðárkrókur: Sauðárkrókskaupstaður, 1969, bls. 183.

⁵ Kristmundur Bjarnason, *Skagfirzkur annáll 1847-1947 II*, Mál og mynd og Sögufélag Skagfirðinga, 1998, bls. 323.

Suðurgata 5 - Árbakki

Byggingarár: 1923.

Fyrsti eigandi: Páll Sigurvin Jónsson sem einnig byggði húsið.

Upphafleg notkun: Íbúðarhús og trésmíðaverkstæði og seinna járnsmiðja.



1. mynd. Árbakki. HSk. Skr. 103.

Tegund: Timburhús

Klæðning: Járnlæðning-hamrað járn

Þakgerð: Mænisþak

Þakklæðning: Bárujárn

Kjallari: Steyptur

Menningarsögulegt gildi: Hluti af upphaflegri byggð við Suðurgötu og járnsmiðjan í kjallaranum. Íbúð og verkstæði í sama húsi eins og algengt var á þessum tíma.

Upprunaleg gerð: Nokkuð breytt frá upprunalegri gerð.

Saga

Fyrsti eigandi hússins var Páll Sigurvin Jónsson og hann fékk leyfi til byggingar húss úr timbri þann 12. október árið 1922. Næsta ár bað hann um breytingu á byggingarefni og þann 2. apríl 1923 óskaði hann um leyfi til að byggja hús úr steinsteypu 12x8 aln. fyrir sunnan húslóð læknis og í stefnu við læknishús.⁶

Stuttu seinna var mælt fyrir húsinu.

Ár 1923, þriðjudaginn 10. apríl var lögreglustjóri Skagafjarðarsýslu staddur á Sauðárkrókslóð til þess, ásamt tilkvöddum útmælingarmönnum, þeim Bjarna Magnússyni járnsmið og Jóni Eiríkssyni tómthúsmanni, að útmæla byggingarlóð handa Páli Jónssyni trésmið á Sauðárkróki, (10 ½ metri).

Lóðin er í beinu framhaldi suður af lóð Jónasar Kristjánssonar læknis og fram með götunni, 31 metri frá norðri til suðurs og 22 metrar frá vestri til austurs frá götunni og suðvesturhornmerki lóðar Jónasar Kristjánssonar. Lóðin sem er réthyrndur ferhyrningur og samkvæmt þessu 682 fermetrar, útmælist nefndum Páli Jónssyni gegn því að greiddar séu eftir hana kr. 4. 25 árlega í júnímánuði og er lóðin útmæld til næstu 100 ára. Byggja skal á lóðinni innan tveggja ára frá þessum degi að telja. Að öðrum kosti missist lóðaréttindin.⁷

Þann 8. september óskaði Páll aftur eftir að mega byggja úr timbri vegna frosthættu sem gæti truflað steypubygginguna þar sem vetur var að ganga í garð. Byggingarnefnd samþykkti umsókn Páls á fundi þann 18. september 1923 á þessum forsendum og að ef hann byrjaði ekki strax að byggja þá gæti hann orðið húsnæðislaus.⁸ Húsið var fullgert árið 1923, en Páll og kona hans, Guðbjörg Eiríksdóttir fluttu inn í það sama ár.⁹

Húsið stendur í röð húsa austanmegin í Suðurgötunni, aðeins norðan við miðja götuna. Staðsetning hússins kemur fram í Gjörðabók Byggingarnefndar Sauðárkróks:

⁶ Sjá í Dagbók Byggingarnefndar Sauðárkróks 1917-1935, færslur 46 og 48 á blaðsíðu 22. Á þessum tíma var Læknishúsið staðsett á Suðurgötu 1, en það var flutt að Skógargötu 10b árið 1985.

⁷ Lóðaútmælingabók fyrir Sauðárkrók 1920-1945, bls. 25-26

⁸ Gjörðabók Byggingarnefndar Sauðárkróks 1918-1947, færsla 37 á opnu 24.

⁹ Sjá í Sóknarmannatali Reynistaðarklausturs 1919-1925.

Páll Jónsson, íbúðarhús.

Var þá fyrsta atriði fyrirtekið. Lesin umsókn og lýsing Páls og athuguð teikning. Síðan gengið á staðinn og þar lengi skoðað hið umrædda svæði, einkum í sambandi við vetrarbraut fyrir sýslubúa og framræslu frí brekku fyrir þær húseignir og lóðir sem liggja nær brekkunni vestan Aðalgötu. Loks var Páll kallaður til og honum gefinn kostur á að mega byggja ef hann fengi færð norðurtakmörk síns útmælda svæðis suður í við frá læknisgirðingu suður á við syðri takmörk Halldórs Þorleifssonar girðingar. Yrði svo hússtefnan ákveðin síðar af byggingarnefndarmönnum.¹⁰



2. mynd. Suðurgata 5 árið 1967. Vinstra megin sést Árbakki, húsið sem bíllinn stendur við. HSk. Skr. 101.

¹⁰ Gjörðabók Byggingarnefndar Sauðárkróks 1918-1947, 11. apríl 1923, færsla 35 á opnu 22. Halldór Þorleifsson bjó á þessum tíma í húsinu Grund (Suðurgötu 12) og átti hann húsið skv. Virðingabók fyrir Sauðárkrók 1917. Grund er staðsett á þessum slóðum í Sóknarmannatali Reynistaðarklausturs á þessum árum og passar staðsetning hússins við lýsinguna hér að ofan og er mögulegt að girðingin standi enn þótt húsið hafi brunnið árið 2005.



3. mynd. Sauðárkrúkur á 4. áratugnum. Á myndinni sést Árbakki áður en byggt var við húsið í norður. Bakvið húsið rennur Sauðáin í sínum gamla farvegi. HSk. óskráð.

Páll og kona hans Guðbjörg Eiríksdóttir bjuggu ekki lengi í húsinu. Árið 1925 keypti Ingimundur Bjarnason húsið og fluttist inn ásamt konu sinni Sveinsínu Bergsdóttur.¹¹ Ingimundur starfrækti járnsmiðju í kjallara hússins og þótti hann góður og hugmyndaríkur eldsmiður og handverksmaður.¹²

Í fyrstu var húsið nefnt Árbakki og dregur það nafn sitt af því að hafa verið byggt við bakka Sauðár sem þá rann austan við húsið, en seinna var farvegi hennar breytt og rennur hún núna sunnar í bænum. Þegar Ingimundur keypti húsið var húsið nefnt eftir honum og ýmist Ingimundarhús eða Járnsmiðjuhús, meðfram Árbakkanafninu.

Ingimundur hafði einhverjar skepnur og óskaði hann því eftir leyfi þann 19. júní 1925 til að byggja peningshús austan við húsið. Leyfið var ekki veitt.¹³ Stuttu seinna fékk hann

¹¹ Sjá Sónarmannatal Reynistaðarklausturs 1919-1925.

¹² Sjá í *Skagfirskum æviskrám 1910-1950 I*, ritstj.: Hjalti Pálsson, Sauðárkrúkur: Sögufélag Skagfirðinga, 1994, bls. 147-150.

¹³ Dagbók Byggingarnefndar 1917-1935, bls. 32-33 færsla 82.

leyfi til að byggja austan við húsið. „Ingim. Bjarnason biður leyfis að byggja peningshús úr steypu austan við íbúðarhús sitt 10 aln. austur og 7 aln. suð. Nefndin gengur á staðinn og leyfir þá að bygt sje hús en 12 aln. suður og 7 aln austur.“¹⁴ Hugsanlega er hér um að ræða viðbyggingu austan við húsið eða hluta af henni, en samkvæmt myndum virðist viðbyggingin ekki vera fullbyggð á þessum tíma og er því nákvæmt ártal óvíst og ekki getið í bókum Byggingarnefndar. Þessi viðbygging austan við húsið stendur enn og var hún byggð úr timbri og múrhúðuð (forsköluð) og þakið bárujárnsklætt. Viðbyggingin var notuð sem fjós samkvæmt *Króksbók*, en þar má sjá yfirlit yfir hús í eldri hluta Sauðárkróks.¹⁵

Þann 15. júní 1936 bað Ingimundur um 2ja metra lengingu í norður. „Nefndin vildi leyfa Ingimundi lengingu hússins þegar teikning lægi fyrir og að viðbótarbyggingin yrði í samræmi við húsið.“¹⁶ Þessa stækkun í norður má sjá ef bornar eru saman myndir af húsinu frá 3. áratugnum og 5. áratugnum.

Árbakki er einfalt bárujárnshús og er lýsing á svoleiðis húsum í *Ágripí íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970*:

Einkenni einfaldra bárujárnshúsa eru að þau eru lítil, lágreist og án nokkurs skrauts, allur frágangur er einfaldur og látlaus en á síðari hluta tímabilsins eru reist stærri hús. Húsin eru ýmist með lágu risi eða krossreist og með nýtanlega rishæð en sum portbyggð klædd bárujárni. Þau elstu og minnstu eru oft ekki nema herbergisdýpt á breidd. Margs konar viðbyggingar og skúrar eru við þessi hús, ýmist frá upphafi eða bætt við síðar. Þetta eru hús alþýðunnar byggð af litlum efnum, sparsemi og nægjusemi.¹⁷

Í húsakönnun um Sauðárkrók sem Hörður Ágústsson gerði 1976-1977, segir hann Suðurgötu 5 tilbrigði við norsk-íslenskan stíl.

¹⁴ Gjörðabók Byggingarnefndar 1918-1947, 20. júní 1925, færsla 48, opna 32.

¹⁵ *Króksbók*, Sauðárkrókur: Rotaryklúbbur Sauðárkróks, júní 1993, án blaðsíðutals.

¹⁶ Gjörðabók Byggingarnefndar 1918-1947, 15. júní 1936, færsla 117, opna 90.

¹⁷ *Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970, skrá yfir friðuð hús*, Reykjavík: Húsafriðunarnefnd ríkisins, október 2000, bls. 112.

Enn rekur maður sig á tilbrigði, nú við norsk-íslenska stíl. Húsgerð þessi er að vísu að mestu horfin , en hefur sett svip sinn á staðinn og verið sérkennileg fyrir hann að mörgu leyti. Við gætum kallað hana lágris-gerð. Hús þessi sverja sig í ætt við norsk-íslensku gerð að því leyti að þau eru á háum sökkli og bera vitni sama snikkaraverks í útfærslu en eru hvorki með porti, háu risi eða kvistum, þau eru óvenjulega rislág í orðsins réttu merkingu.¹⁸

Í húsakönnuninni segir Hörður að hús af þessari gerð sjáist enn í götumyndum Sauðárkróks og nefnir hann Suðurgötu 5 og Sævarstíg 6 sem dæmi.

Ingimundur lést árið 1976 en Sveinsína bjó áfram í húsinu þar til hún lést árið 1981. Iðnaðarmannafélag Sauðárkróks fékk húsið ásamt smiðju og áhöldum til að nýta sem aðstöðuhús fyrir félagið og koma á fót iðnminjasafni.¹⁹

Þann 17. september 1983 var skipt um glugga í húsinu og seinni part árs 1984 var suðurstofan klædd að innan.²⁰

¹⁸ Hörður Ágústsson, „Húsakönnun á Sauðárkróki 1976-1977“, bls. 20.

¹⁹ Hér er tekið mið af þætti um Ingimund og Sveinsínu í *Skagfirskum æviskrám 1910-1950 I*, bls. 146-150 og íbúatali á Sauðárkróki 1970-1982.

²⁰ Fundagerðabók Iðnaðarmannafélags Sauðárkróks. Friðrik J. Jónsson hélt utan um viðgerðirnar, en ýmsir iðnaðarmenn tóku þátt í þeim.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970, skrá yfir friðuð hús, Reykjavík: Húsafriðunarnefnd ríkisins, október 2000.

Hörður Ágústsson, „Húsakönnun á Sauðárkróki 1976-1977“.

Kristmundur Bjarnason, *Saga Sauðárkróks, fyrri hluti, fram til ársins 1907 og síðari hluti 1, fram til ársins 1922*, Sauðárkrókur: Sauðárkrókskaupstaður, 1969-1971.

Kristmundur Bjarnason, *Skagfirzkur annáll 1847-1947 II*, Mál og mynd og Sögufélag Skagfirðinga, 1998.

Króksbók, Sauðárkrókur: Rotaryklúbbur Sauðárkróks, júní 1993.

Skagfirskar æviskrár 1910-1950 I, ritstj.: Hjalti Pálsson, Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 1994, bls. 146-150.

Óprentaðar heimildir:

Fundagerðabók Iðnaðarmannafélags Sauðárkróks.

Óprentaðar heimildir (fengnar frá Héraðsskjalasafni Skagfirðinga):

Dagbók Byggingarnefndar Sauðárkróks 1917-1935.

Fasteignamat fyrir Sauðárkrók II.

Gjörðabók Byggingarnefndar Sauðárkróks 1918-1947.

Íbúatal á Sauðárkróki 1970-1982.

Jón Jónsson, Hofi, skrifað 20. febrúar 1941. Fasteignamat Árbakka. Vinnueintak frá árinu 1942.

Lóðaútmælingabók fyrir Sauðárkrók 1920-1945.

Sóknarmannatal Reynistaðaklausturs 1919-1925.

Virðingabók fyrir Sauðárkrók 1917-1928.

Heimasíður:

Heimasíða Fasteignamats ríkisins: www.fmr.is

Ljósmyndir og upprættir:

Séð suður eftir Suðurgötunni, HSk. Skr. 101.

Árbakki, HSk. Skr. 103.

Sauðárkrókur á 4. áratugnum, HSk. óskráð

Uppdráttur af Suðurgötu 5, Umhverfis- og tæknisvið Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Uppdráttur af Suðurgötu og nágrenni, Umhverfis- og tæknisvið Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Fylgiskjöl



Suðurgata 5 - Gluggar




Suðurgata 5 - norðurhlið











28.02.1991.


18



Uppdráttur birtur með góðfúslegu leyfi Umhverfis- og tæknisviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar.



Uppdráttur birtur með góðfúslegu leyfi Umhverfis- og tæknisviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar.



Uppdráttur birtur með góðfúslegu leyfi Umhverfis- og tæknisviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Viðauki 1.

Í Fasteignamati Ríkisins er sagt að húsið sé byggt árið 1924 og sé 101 m² og undir sama húsnúmeri er talað um geymslu sem var byggð 1931 og 41 m².

Úttektir fyrir Suðurgötu 5

Um húsið er fjallað á bls. 33 í Virðingabók fyrir Skr. 1917-1928.

Húsið er ein hæð með lágu risi og steinlímdu kjallara. Í húsinu eru fjögur íbúðarherbergi, veggfóðruð og máluð.

Eitt eldhús og ein forstofa með litlum klæðaskáp.

Kjallaranum er skipt í fjögur herbergi.

Eldstæði í húsinu eru tvær eldavélar og tveir ofnar og ganga rör frá þeim í steinsteypureykháf.

7.55 x 5.15.

Trésmíðaverkstæði og íbúð.

Brunabótamat gert 10/11 1923 og var þáverandi eigandi Páll Jónsson.

Í fasteignamati fyrir Sauðárkrók, nr. 2.

Eigandi Ingimundur Bjarnason.

Húsið er 12 x 8 álnir.

Vegghæð, ca. 4 álnir.

Rishæð, ca. 3 álnir.

Grunnhæð, ca. 2.5 álnir-kjallarahæð.

Steyptur kjallari undir húsinu.

Timbur útveggir.

Þak úr timbri og járn.

Gólf, loft og skilrúm úr timbri.

Húsið notað til íbúðar og smíða.

Herbergjaskipan; fjögur herbergi, auk kjallara og lofts.

Vatnsleiðsla er í húsinu og rafleiðsla.

Einn steypur reykhaufur.

Húsið er einstætt.

Fasteignamatið er óársett.

Í vinnueintökum Jóns Jónssonar, Hofi frá árinu 1942 er fasteignamat um Árbakka.

Fasteignamat nr 2:

Eigandi er Ingimundur Bjarnason

Stærð: 147,2 m³

Lengd: 9,5 m

Breidd: 5 m

Vegghæð frá kjallara að grunni: 2,5 m

Rishæð: 1,2 m

Grunnhæð: 1,6 m

Lýsing á kjallara: steypur geymslukjallari í 4 hólfum, timbur og steinaskilrúm=29,4 m

Húsið er ein hæð og kjallari

Útveggir eru úr timbri, járni-reiðingstorfviði

Þak er úr pappa

Gólf er úr timbri- (gólf dúklagt)

Skilrúm eru einföld

Herbergisskipan: Ein hæð, ris og kjallari

Inngangur, 4 herbergi veggfóðruð - (dúklagt), eldhús málað

Loft aðeins til smávegis geymslu

Miðstöð frá eldavél

Vatnsleiðsla

Rafleiðsla

1 steinsteypur reyk háfur

Útihús: Geymsluskúr úr járni, timbri og pappa = 30,4 m³

Húsið er notað til íbúðar.

Fasteignamat skrifað 20/2 1941.

Viðauki 2.

Minningar Guðríðar B. Helgadóttur um íbúana á Árbakka, Suðurgötu 5, Sauðárkróki, eftir fyrirspurn Sigríðar Sigurðardóttur.

Síðustu íbúar og eigendur Árbakka voru hjónin Ingimundur Bjarnason, f. 18. 9. 1886, d. 6. 3. 1976 og Sveinsína Bergsdóttir, f. 25.11. 1894, d. 20.12. 1981.

Ingimundur var alinn upp á Kirkjuskarði á Laxárdal fremri í A.- Húnavatnssýslu og tók þar við búi af fósturforeldrum sínum, Stefáni og Sigríði er þar bjuggu um árabil.

Ingimundur var tæplega meðalmaður á hæð en saman rekinn, bar sig vel, þykkur undir hönd og rammur að afli, þéttur á velli og þéttur í lund. Hann var fríður maður sýnum, íbygginn og hugsandi, fámáll að fyrra bragði, en fá orð í fullri meiningu voru á við langa ræðu hjá öðrum. Hann var þrúðmenni og afar heimakær, en tók lítinn þátt í heimilisstörfunum. Það var ekki venja við verkaskiptingu í þá daga.

Sveinsína var einnig Húnvetningur að uppruna. Hún giftist Ingimundi 1919 og saman bjuggu þau fyrstu árin á Kirkjuskarði, en 1923 tóku þau sig upp og fluttu norður á Sauðárkrók, keyptu Árbakka og bjuggu þar alla sína ævi síðan. Sveinsína var fríð kona, brúneygð og glöggskyggn mannþekkjari, glaðlynd, hagsýn húsmóðir og félagslynd framfaravera utan heimilis. Hún vann jöfnum höndum, þegar daglaunavinna gafst, í síld og fiskvinnu og öðru er til féllst, lét til sín taka í verkalyðsbaráttu, kvenfélagi og Leikfélagi Sauðárkróks þar sem hún lék í mörgum hlutverkum um ára bil. Hún var fjölhæf kona og vel verki farin hvað sem hún tók sér fyrir hendur.

Þau hjón voru vinmörg og vinföst. Til þeirra þótti gott að leita um margt. Já, það var gestkvæmt á Árbakka. Þar var gott að koma.

Árbakki var **heimili**. Hversdagslega var eldhúsið vettvangur samræðna, vináttu og gestrisni, meðlætið það sem til var þann daginn. Veislukaffið var aftur á móti rausnarlega hlaðið smákökum, vínartertu, brúntertu, pönnukökum, kleinum og öllu því sem þá varð best fram reitt. Húsráðendur veitul og skemmtileg heim að sækja.

Ingimundur var listfengur hagleiksmaður bæði á tré og járn. Það sem kallað er sjálfmenntaður, eins og gerðist á hans uppvaxtarárum. Hann drakk þá í sig verklag aldanna, lærði handtökin af samferðamönnum, bætti við af eigin reynslu og hyggjuviti og skaraði fram úr með létt og fallett handbragð á nýsmíði til verkléttis, meðan handaflið og hesturinn voru ennþá drifkrafturinn í dagsins önn. Og þegar til Sauðárkróks kom setti hann upp eldsmiðjuna í kjallaranum á Árbakka, stóð við aflinn og spýtti um tönn. - Þar hrukku gneistar af afli og leiftrandi orð af tungu.-

Eins og hér að framan segir þá hygg ég að hann hafi verið „sjálfmenntaður“ að þeirra tíma hætti, þegar ekki voru skólar komnir til sögunnar. Hvaða hagleiksmenn hann hefur umgengist á sínum uppvaxtarárum á Kirkjuskarði, veit ég ekki deili á. Um

skemmtanagildi eldsmíðinnar er mér ekki kunnugt, en heimsóknir skemmtilegra manna, (viðskiptavina), skildu oft eftir fyndnar athugasemdir og tilsvör sem lifðu á vörum.

Þar urðu verkefnin fjölbreytt og þróuðust í takt við tímann. Ingimundur var um árabíl dyravörður í Bifröst þegar þar var efnt til skemmtana bæði um Sæluviku og við önnur tækifæri. Hann hafði gott lag á að tala við óróaseggi og leysti öll mál af festu en friðsamlega.

Í sláturhúsinu á haustin áður en tæknivæðingin og færibandavinnan hélt innreið sína, á meðan helgríman var ennþá drápstækið, þá var Ingimundur ár eftir ár sá sem veitti þar náðarhöggið sem aldrei geigaði. Og því var við brugðið hversu fimlega hann sveiflaði um leið dauðu lambinu að næsta borði. Verklagið hans Ingimundar var slíkt að „betri voru handtök hans, heldur en nokkurs annars manns“. Bak við íbúðarhúsið á Árbakka, Sauðármegin, þar sem hún rann ennþá óbeisluð til sjávar og gengið var yfir á planku við lóðarmörkin, var afgirt lítil lóð sem fylgdi húsinu. Sú lóð nýttist vel þeirri búkonu sem Sína var. Þar ræktaði hún í beðum sitt grænmeti og kartöflur til heimilisnota.

Garðurinn var nefnilega meira en rífsrunnar og blómaumgjörð um húsið þó augað sæi þá fyrst. Og rósirnar hennar Sínu sem skreyttu alla glugga, hvítar, rauðar og bleikar, síblómstrandi og vel hirtar.-

Í mínu minni er hvítmálað „stakket“ með ydduðum rimlum. Hvort það var einnig á bak við húsið meðfram ánni, man ég ekki. Tel það ólíklegra.

Rabbabari, kartöflur, rófur o.fl. sem ég man ekki upp að telja, eða nákvæmlega hvar. En eitt er víst, að því var öllu smekklega og haganlega fyrir komið, svo lóðin nýttist sem best.

Undir húshliðinni voru svo í lágreistum skúr, áföstum við húsið, nokkrar kindur og ein kýr, (stundum líka kvígan hennar sem alin var eins og t.d. hún Lobba--). Á meðan ennþá var leyft að eiga kýr og reka eftir götum þorpsins til beitar niður á Sauðármýri og Flæðar á sumrin. Þau áttu tón uppi á Móum eins og margir aðrir Sauðkrækingar og heyskap til viðbótar fengu þau oft frammi í sveit þar sem leigð var slægja og vel lá við flutningi.

En eftir 1935, þegar Kristín uppeldissystir Ingimundar og Helgi nágranni hans frá Núpsöxl, fluttu að Tungu í Gönguskörðum, þá varð sú skipan á að Ingimundur og Sína fengu til slægna ár eftir ár, hvammana út ánni og veginum út Tunguna, heyjuðu þá og hirtu, en Helgi tók að sér kindurnar að öðru leiti á hús og fóðrun að vetrinum, hagbeit og umhirðu vor og haust.

8—10 kindur eftir að þær komu í fóðrun að Tungu voru þær aldrei margar, aðeins til búdrýginda fyrir heimilið.

Eftir að við komum að Tungu og þau heyjuðu handa kindunum þar, þá var heyið bundið og sett þar við hús. Ærnar voru á fóðrum í Tungu. En heyskapur handa kúnna var á tónum uppi á Móum, bundið og flutt með bílum heim að skúr við bakhliðina á húsinu.

Samvinna þessara heimila varð farsæl, mikil og góð, eins og fjölmargra annarra í sveit og kaupstað á þessum umbreytinga tímum. Atvinna var stopul og árstíðabundin hjá kaupstaðafólkinu oft og tíðum, kindin og kýrin gáfu þá og allan ársins hring, mjólk, kjöt og ull til matar og fata. Fólkið varð ekki svelt til hlýðni þó í odda skærast í verkalýðsbaráttunni.

Það hélt sínu sjálfstæði og reisu. Lét ekki lífsbaráttuna smækka sig. Sjálfsþurftarþúskaþurinn, hagsýni, smekkvísi, dugnaður og fyrirhyggja eru langt frá því að vera úrelt hugtök. Á þeim byggist öðru fremur framtíðar gífta og gengi þjóðar. Og tenging þeirra eígrinda við tækni nútímans, allrar athygli verð.

Samhjálparsamtrygging bændasamfélagsins var því í blóð borin og stóð á gömlum merg.

Aftur á móti átti Tungufjölskyldan alltaf hauka í horni á Árbakka, eins og fleiri.

Ég tel mig geta af kunnugleika mælt, því þegar við fluttum norður yfir fjöllin í fardögum 1935 viku fyrir Hvítasunnu og fermingarmessu á Holtastöðum en þar átti ég að fermast.

Það vor var Hvítasunnuhretið svo svæsið, að snjó setti niður, kindur fennti og ég komst ekki vestur yfir fjöllin, til þess að láta ferma mig hjá þeim presti og við þá kirkju, sem undirbúningur og lög gerðu ráð fyrir. Og auðvitað var ferming fyrir löngu um garð gengin á Sauðárkrók, svo annað hvort varð og að láta ferma mig eina þar, eða bíða til næsta vors. Ég kaus fyrri kostinn, þó ókunnug væri og óframfærin á svo framandi stað.-- En þá festi hún Sína eina fallegu, hvítu rósina sína í rauða hárið á mér, hjálpaði mér í fermingarkjólinn, eins og ég væri hennar eigin dóttir og bauð svo allri fjölskyldunni í veislukaffi, þegar komið var úr kirkju.

Því þá voru ekki bílar til að bregða sér á, bæjarleið, heldur gengið eða farið á hestum á milli, og snertispölur heim.--En svona var hugulosemin þeirra Sínu og Ingimundar, rausnin og gestrisnin. Og einhvern veginn finnst mér að þessar tvær fjölskyldur hafi alltaf verið eins og hin sama síðan. Þau komu svo með tjaldið sitt í sumarfríinu og heyjuðu handa kindunum sínum. Þau áttu lengst af fáeinar kindur, þær voru svo hjá okkur í sveitinni og hirtar með hinu fénu á vetrum. Það var alltaf svo gaman þegar Ingimundur og Sína komu í Hvammana til að heyja.--Og aldrei var farið svo í Krókinn að ekki væri komið við á Árbakka, stundum gíst, t.d. um Sæluviku og oftar.

Ég gleymi heldur aldrei, (þó ég væri ung að árum þá er þau áttu ennþá heima á Kirkjuskarði), þegar ég sá þau koma sunnan yfir Skriðuna á afmælisdaginn minn, leiðandi þennan forkunnar góða rimlasleða, sem Ingimundur hafði smíðað, af sinni þjóðhaga sníld, til að gefa mér í afmælisgjöf. Kannski var þetta síðasta árið sem þau voru á Kirkjuskarði, sem okkar næstu nágrannar. Þá hef ég verið 2ja ára.

Og mikið var nú þessi sleði dáður og notaður. Hann var svo léttur að okkur krakkana munaði ekkert um að draga hann lengst upp í brekkur og svo var brunað,--stundum þrjú í einu, alla leið niður á grundir. Þá var oft hugsað hlýtt til Ingimundar, með þakklæti-- en ég sá það oft síðar, að hún Sína var með í ráðum og kom ýmsu til leiðar.

Sveinsína og Ingimundur eignuðust fjórar dætur: Sigríði, Hlédísi Fannlaugu (Lollu), Herdísi og Steinunni. Þær fóru að heiman. Giftust og eignuðust sín eigin börn.

Gömlu hjónin urðu ein eftir í litla húsinu, sem hét nú ekki lengur Árbakki, heldur Suðurgata 5, því Sauðárkrókur hafði fengið kaupstaðarréttindi og þótti nú ekki við hæfi að skíra hús eftir staðháttum, láta ársprænur renna ofanjarðar, né hlaupa yfir á planku.

En Sveinsína og Ingimundur héldu áfram að opna faðminn mót vinum sínum og vandamönnum, trölltrygg, og traust eins og jarðfastur kletturinn. Það fóru reyndar að strjálást og þyngjast högginn á steðjann í kjallaranum hjá Ingimundi og þögnuðu loks alveg. Hann lést þann 6.mars 1976, þá níræður að aldri.

Þá var smiðjan hans með öllu tilheyrandi, gefin Iðnaðarmannafélagi Sauðárkróks til eignar og varðveislu og fær vonandi að standa óbreytt á sínum stað um ókomna tíð. Það er vel. Ingimundur var búinn að ánafna Iðnaðarmannafélaginu smiðjuna, áður en hann hætti störfum þar.

Ingimundur átti sjálfur hugmyndina að því að gefa Iðnaðarmannafélagi Sauðárkróks Árbakka. Þá var eldsmíði að víkja fyrir nútímanum. Ingimundi hefur áreiðanlega verið ljóst minjagildið. ... Ingimundur var sjálfmenntaður snillingur og uppfinningamaður, á sinnar tíðar vísu og létti mörgum störf með léttari búnaði og handhægari. Allt var það vel gert.

Sína bjó áfram á hæðinni fyrir ofan, ein með sínum minningum, meðan aldur og heilsa leyfðu.

Mikið væri dýrmætt ef sú íbúðarhæð yrði líka varðveitt í sinni heimilislegu mynd.-

Árin sem þau Sína og Ingimundur bjuggu og lifðu á Árbakka, voru einmitt ár byltingartímanna í íslensku þjóðlífi, þegar lífsstíll fólksins breyttist úr amboðafátækt fornaldarvinnubragða á útengi og þýfðum túnkrogum, í það vélvædda velsældarþjóðfélag sem við búum nú í.

Samfellda túnrækt sveitir á enda, ofgnótt matar, þorp verða að borgum og bæjum og bæirnir að borgríkinu Reykjavík, með danskættaða stjórnarskrá, en sambandsslit við kónginn, hersetu bandarískra áhrifa og yfirvofandi kollsteypu inn í hringiðu Evrópubandalagsins. Þetta er ótrúleg umturnun á ekki lengri tíma. Og þessi bylting gerðist ekki baráttulaust. Hús á borð við Árbakka á Sauðárkróki, tóku við af hlöðnu grjót- og torfbæjunum.

Skúrin á bak við húsið hýsti kúna, sem gaf mjólk í mat og e.t.v. nokkrar kindur sem gáfu ull í fat og kjöt á disk.

Samstaða í kröfu um mannsæmandi laun og almannatryggingar í breyttu samfélagi, var sjálfsagður, en ekki auðsóttur réttur.

Nútíminn hefur sem betur fer séð sóma sinn í því að varðveita gamla torfbæinn og minjar um það líf, sem þar var lifað.

En þennan viðburðaríka hlekk í þróunarsögunni hefur gleymst að virða. Ef til vill vegna nálægðar í tíma, eða vegna vanþakklætis okkar gráðuga sóunarþjóðfélags, sem vanmetur þessi stórkostlegu afrek aldamótakynslóðarinnar og niðja þeirra.

Svo nú er langt gengið að glutra niður og gefa eftir félagslega samtryggingu og áunnin mannréttindi frá þessum tíma.

Og bjargvættir þjóðarinnar, kindin og kýrin, bannfærðar af fávisku dekurbarnanna, sem velkjast eins og óminnisreköld upp að ókunnri strönd nútímans. - Rótlaus, slitin úr samhengi. Rúin arfi manngildishugsjóna og trú á landið.

Byrjum á Árbakka. Gerum upp húsið, með rósir í gluggum og garði, girðum lóðina með hvítmáluðu „stakketi“. Plöntum árlega káli og kartöflum og höldum öllu vel við, eins og í tíð Sínu og Ingimundar. Þegnskylduvinna þeirra í þágu félagsmála á Sauðárkróki um langan aldur, lagði inn fyrir því. Það er mörgum góðum Sauðkrækingum af sama aldursflokki kunnugt, staðsetning hússins undir Nöfum og nágrenni við Safnahúsið, mæla einnig með varðveislu þessa húss. Það er bara að hefjast handa og gera það að bæjarprýði, eins og því ber, með heiðri og sóma.

Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga:

- 1 **Villinganesvirkjun** – Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyrfringsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
- 2 **Hof í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 3 **Hólar í Hjaltadal** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 4 **Steinsstaðir í Tungusveit** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.
- 5 **Grafarós og Hofsó**s - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.
- 6 **Víðimelur í Skagafirði** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.
- 7 **Reykjarhóll í Skagafirði**. Fornleifaskráning vegna fristundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.
- 8 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Mástastaða og Hjallalands í Vatnsdal**. Ragnheiður Traustadóttir, Rína Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.
- 9 **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.
- 10 **Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.
- 11 **Glaumbær**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.
- 12 **Rannsókn á torf- og grjóthléðsluleifum í Skagafirði**. Anna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.
- 13 **Höfði á Höfðaströnd**. Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarhúsaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 14 **Hátún og Mikligarður**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 15 **Sýðra-Skórögul**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 16 **Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað**. Guðný Zoëga júlí 2003.
- 17 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjólfsstaða, Bakka og Hof í Vatnsdal**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.
- 18 **Kirkjugarður í Keldudal Hegræsi**. Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.
- 19 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlíð**. Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhölsel í Brekkulandi. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 20 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Fáskrúðfirði**. Guðný Zoëga október 2003.
- 21 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Áshildarholt**. Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 22 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Kimbastaðir, Messuholt og Lyngholt**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 23 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag: Sjávarborg, Tjarnir, Lambagerði, Skógarbakki, Grænhóll**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 24 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Borgargerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 25 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Brennigerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 26 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Gil, Tröð og Bergsstaði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 27 **Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð**. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.
- 28 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð**. Svæðisskráning. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir janúar 2004.
- 29 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur**. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.
- 30 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum**. Guðný Zoëga, mars 2004.
- 31 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ**. Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
- 32 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi**. Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.

- 33 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegræsi**. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004.
- 34 **Hallormsstaður og nágrenni**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 35 **Hálsþorp í Djúpavogshreppi**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 36 **Neðri-Ás í Hjaltadal**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 37 **Vopnafjörður**. Heimildaskráning vegna væntanlegra vegafarmkæmda. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 38 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði**. Grófarfil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skórögul I og II, Hallormsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 39 **Fornleifakönnun í landi Arnarness, Garðabæ**. Daniel Rhodes, Ragnheiður Traustadóttir október 2004.
- 40 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ**. Ragnheiður Traustadóttir og Rína Knútsdóttir Tetzschner, febrúar 2005.
- 41 **Fornleifaskráning Vopnafjarðar, Svæðisskráning**. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, maí 2005.
- 42 **Sauðá í Borgarsveit**. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, júní 2005.
- 43 **Steinsstaðir í Hafnarfirði /Hamarsbraut 17**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Auður Blöndal og Ragnheiður Traustadóttir, ágúst 2005.
- 44 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrutafjarðar**. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, október 2005.
- 45 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegræsi**. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2005.
- 46 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Finnstungu, Bólstaðarhlíðarhreppi**. Guðný Zoëga, október 2005.
- 47 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði**. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, desember 2005.
- 48 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í botni Hrutafjarðar**. Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, febrúar 2006.
- 49 **Fornleifaskráning Reyhistaðar**. Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.
- 50 **Fornleifaskráning Þingeyra**. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.
- 51 **Fornleifaskráning á Langholti II**. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, apríl 2006.
- 52 **Greining mannabeina af Vestdalsheiði**. Guðný Zoëga, ágúst 2006.
- 53 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar við Hornafjarðarfljót**. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Edda Linn Rise og Margrét Hallmundsdóttir, september 2006.
- 54 **Fornleifakönnun á Grenjaðarstað í Aðaldal**. Guðný Zoëga, september 2006.
- 55 **Fornleifakönnun við Staðará, Skagafirði. Áfangaskýrsla**. Guðný Zoëga, september 2006.
- 56 **Who were the people of Keldudalur?** A status report on aDNA studies on skeletons from Keldudalur. Margrét Ásta Kristinsdóttir og Jørgen Dissing, september 2006.
- 57 **Fornleifaskráning Skálness í Seyðisfirði. Áfangaskýrsla**. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, desember 2006.
- 58 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum í Skógum í Fnjóskadal**. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, desember 2006.
- 59 **Fornleifakönnun á Hvanneyri, Siglufirði**. Guðný Zoëga, desember 2006.
- 60 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Kirkjuhvammi, Hvammstanga**. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, janúar 2007.
- 61 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ**. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga, nóvember 2007.
- 62 **Fornleifaskráning í Skagafirði: Stóragarði, Kolkúos, Brúnes, Bakki og Skarð**. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, apríl 2007.
- 63 **Eyðibygð og afdalir Skagafjarðar I. Byggðasöguleg fornleifarannsókn**. Guðný Zoëga, maí, 2007.
- 64 **Fornleifaskráning Skálness í Seyðisfirði**. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, september 2007.
- 65 **Fornleifaskráning Blönduóssbæjar**. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga, nóvember 2007.
- 66 **Suðurgata 5 á Sauðárkróki, húsakönnun**. Bryndís Zoëga, Gísli Þór Ólafsson, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Unnar Ingvarsson, nóvember 2007.
- 67 **Tyrfringsstaðir í Akrahreppi, húsakönnun**. Bryndís Zoëga, Gísli Þór Ólafsson, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Unnar Ingvarsson.